

33. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn þriðjud. 1. júlí 2014

Fundargerð

Fundurinn er haldinn í Vonarlandi á Egilstöðum, kl. 15:00

Mættir: Valdimar O. Hermannsson, formaður, sem stýrði fundi, Stefán Bogi Sveinsson, Sverrir Mar Albertsson, Þórunn Eymundardóttir, Rögnvaldur Ólafsson, Auður Anna Ingólfssdóttir, Adolf Guðmundsson og Arnbjörg Sveinsdóttir sem ritaði fundargerð.

Jóna Árný Þórðardóttir starfandi framkvæmdastjóri sat fundinn, auk þess Signý Ormarsdóttir undir 2. lið á dagskrá og Skúli Björn Gunnarsson undir 6.lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Fundargerð 32. stjórnarfundar undirrituð og staðfest.
2. Menningarmál, samningur og tilhögun, SO. kemur til fundar.
3. Fjármál Abr., sjóðstreymi og stöður mála. (JÁÞ)
4. Skýrsla framkvæmdastjóra – stöður ýmissa mála Abr.
5. Samningar við ríkið, og aðra hagsmunaaðila (VOH/JÁÞ)
6. Starfsháttanefnd mætir til fundar með stjórn um kl. 18:00-
7. Önnur mál,.....
 - Fundir í sumar..

Formaður setti fund kl. 15.00 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fundargerð 32. stjórnarfundar undirrituð og staðfest

Fundargerð 31. fundar stjórnar undirrituð og staðfest. Hún hefur áður verið send stjórnarmönnum í tölvupósti.

2. Menningarmál, samningur og tilhögun

Signý Ormarsdóttir mætti til fundar og fóru þær Jóna Árný yfir helstu verkefni sem eru á sviði menningarmála, verkefni og fjármagn.

Verkefnin núna eru þau helst að gera þarf menningarsamninga. Annars vegar ríkið við SSA og hins vegar sveitarfélögin sín á milli. Tveir styrkjasjóðir eru til staðar sem er verið að úthluta úr, annarsvegar verkefnastyrkir sem er grunnurinn í núverandi samningi og hins vegar sjóður fyrir stofn- og rekstrarstyrki, sem hefur verið til staðar síðustu þrjú ár. Rekstrarstyrkir til menningarmiðstöðva fara einnig í gegnum Austurbrú.

Viðfangsefnið þessa daganna er samningagerð við styrkþega, Rythmefor tónleikarnir, Grenselös energi ráðstefnan, Eyjahjartað rannsóknarverkefnið, auk rekstrarmála, fjármál, fjárhagsáætlun, samningagerð, samstarfsverkefni.

Varðandi samningagerð í haust, þá hefur verið boðað til samráðsfundar 29. ágúst um vegna sóknaráætlana landshlutanna.

Til að undirbúa samningagerðina þarf að koma á vinnufundi í lok júlí með aðild menningarráðs, stjórnar Austurbrúar, stjórnar SSA.

Signý sagði frá **Grenselös energi** – Ótakmörkuð orka, sem er ráðstefna um menningarsamstarf milli jaðarsvæða. Ráðstefnan verður haldin 23. október í Norræna húsinu í Reykjavík. Fjallað verður um 10 ára menningarsamstarf jaðarsvæða Austurlands og Vesterálen í Noregi. Þar verður horft á samstarfið og framtíð þess út frá norrænum áherslum, listamönnum, stjónsýslu og nútíma menningarpólítík. Dagskráin kynnt og einnig fjárhagsáætlun fyrir málþingið.

Í umræðum kom fram að endurskoða þyrfti samþykktir menningarráðs. Ræddar voru hugmyndir um fjölda fulltrúa í menningarráði. Hugmyndir komu fram um að ársfundur menningarráðs yrði vettvangur samtals fólks úr menningargeiranum á Austurlandi. Hlutverk menningarráðs yrði þekkingarvettvangur auk úthlutunar samkvæmt menningarsamningi og stefnumótunar.

Stjórn sammála um þær áherslur sem lagt er upp með í samningagerðinni við ríkið.

3. Fjármál Austurbrúar

Jóna Árný gerði grein fyrir stöðu fjármála. Stærsti vandinn snýr að sjóðstreyminu og er það uppsafnaður vandi frá upphafi stofnunar Austurbrúar og að hluta frá forverum Austurbrúar. Framkvæmdastjóri leitar leiða til að bregðast varanlega við þessum vanda. Hluti lausnarinnar felst í fasteign Austurbrúar við Miðvang. Er þá horft annarsvegar til sölu hennar og hins vegar til útleigu og lántöku. Eignin verður auglýst eftir helgi. Ef ekki fæst viðunandi verð verður horft til leigu. Annað atriði sem huga þarf að er greiðsludagur samninga við sveitarfélögin. Þá þarf að kanna möguleika á samningum við stærri fyrirtækin á Austurlandi.

Jóna Árný er langt komin með að greina stöðu fjármála. Hún er búin að greina tekjuhliðina, en nokkuð er eftir í vinnu við að greina gjaldahliðina. Ljóst er að enn eru nokkur útgjöld eftir varðandi þá starfsmenn sem eru að láta af störfum.

4. Skýrsla framkvæmdastjóra – stöður ýmissa mála

Starfsmannamál – Farið yfir starfsmannamál og stöðugildi.

Stefán Bogi vék af fundi.

Samningur við NMI. Samningur hefur verið gerður um FAB-LAB, sem staðsett verður í Verkmenntaskóla Austurlands í Neskaupstað. Fram kom að auka þurfi þekkingu í klasafræðum hjá Austurbrú. Þá þekkingu getur NMÍ lagt til. Starfsmaður frá NMÍ kemur í haust í frumkvöðlasþjónustu. Hann gæti veitt fræðslu fyrir starfsmenn Austurbrúar, ekki síst til að þeir þekki NMI betur.

Ráðgjafapanel – flugvallaverkefni. Rætt hefur verið um að setja á stofn ráðgjafapanel vegna flugvallaverkefnisins. Nefnd voru í því sambandi: Sigrún Blöndal, Jens Garðar Helgason, Gunnþór Invason, Sigurjón Baldursson, Janne Sigurðsson, Ívar Ingimarsson, Margrét Guðjónsdóttir, Björn Ingi Knútsson, og Gauti Jóhannesson. Ákveðið var að óska eftir tilnefningu um aðila frá ISAVIA.

Stefnumótun skapandi greina. Farið var yfir Atvinnustefnu Austurbrúar í skapandi greinum. Rætt um að „MAKE by þorpið“ fari yfir til SAM-félagsins. Forsvarsmenn Húss Handanna, sem er söluhluti skapandi greina, áttu fund með framkvæmdastjóra Austurbrúar og ræddu framtíð félagsins.

5. Samningar við ríkið, og aðra hagsmunaaðila (VOH/JÁÞ)

Formaður og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir umræðum á vettvangi stjórnsýslunnar um að gera einn landshlutasamning. Aðeins eru 101 mkr. á fjárlögum fyrir árið í ár. Reiknað er með að upphæðin verði tröppuð upp með það að markmiði að hún verði 400 mkr. Sóknaráætlun landshluta verður áfram heitið á samningnum. Stefnt er að því að vaxtarsamningur verði hluti af samningnum. Menningarsamningur verði hins vegar sérgreindur í samningnum. Formaður og framkvæmdastjóri voru í Reykjavík til að ræða menntahluta samningsins.

6. Starfsháttanefnd – staða verkáætlunar

Skúli Björn Gunnarsson er mættur fyrir hönd starfsháttanefndar. Hann lagði fram Áfangaskýrslu 1. Gengið hefur vel að fylgja verkáætlun. Vikuhliðrun er á verkefnum. Ákveðið að halda framhaldsársfund á Hótel Héraði þann 30.sept. 2014.

7. Önnur mál

- **Fundur í sumar** – Næsti fundur verður haldin 12.ágúst. Staðsetning hans verður ákveðin síðar í samráði formanns og framkvæmdastjóra.
- **Vísindagarðurinn** – Lagt fram bréf frá Birni Ingimarssyni stjórnarformanni Vísindagarðsins um að breyta 6. grein leigusamnings Austurbrúar og Vísindagarðsins. Tillaga hans snýr að því að leigufjárhæð breytist 1.janúar ár hvert samkvæmt breytingum á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu í apríl 2014 (235,9). Stjórn samþykkir að verða við ósk um þessa breytingu á leigusamningnum.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundi slitið kl. 18:00

Valdrimar O. Hermannsson

Stefán Bogi Sveinsson

Sverrir Mar Albertsson

Þórunn Eymundsdóttir

Rögnvaldur Ólafsson

Auður Anna Ingólfssdóttir

Adolf Guðmundsson

Arnbjörg Sveinsdóttir

